

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 439. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
12. desember 2012 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, Málfríður Kristjánsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Sigurður Steinar Jónsson.

Fundargerð ritaði: Bjarki Jóhannesson.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

1 1112028 - Björgunarsveit HFJ. staðsetning skilta 2011

Björgunarsveit Hafnarfjarðar sækir um að setja niður 13 skilti víðsvegar um bæinn til að auglýsa sína árlegu jólatrjáa- og flugeldasölu.

Leyfi er veitt fyrir uppsetningu þessara skilta með því skilyrði að tryggilega verði gengið frá þeim gagnvart vindi og veðrum. Hafnarfjarðarbær ber enga ábyrð á skaða sem hljótaskann af þeim sökum. Eins skal leita eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi skilti á svæðum í þeirra umsjá. Öll skilti skulu vera farin niður 8. janúar 2013.

2 1212095 - Hraunavíkurvegur, skilti

Helga Stefánsdóttir f.h. umhverfis- og hönnunardeildar óskar eftir því í tölvupósti dags. 10. desember 2012 að setja upp hjóla- og gönguleiðaskilti við Hraunavíkurveg skv. meðfylgjandi gögnum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið enda er það í samræmi við þá skiltareglugerð sem nú er gildi.

3 1212038 - Gjáhella 4.breyting á áður samþykktum teikningum

Héðinn hf, Vélsmiðja sækir þann 04.12.12 um leyfi til að breyta áður samþykktum teikningum samkvæmt uppdráttum dagst. 10.10.2007.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

4 1210291 - Eyrartröð 3, breyting

Heiðarverk ehf sækir um 11.10.12 um að breyta innra skipulagi.Rýmum fækkað samkvæmt teikningum

Guðna Pálsonar dags.10.06.06 breytt 10.10.12
Nýjar teikningar bárust 31.10.12 og 07.12.12.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagsferindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.

5 1203138 - Eskivellir 13, umgengni á lóð

Slysaþetta af girðingu og umgengni ábótavant við Eskivelli 13. Sjá ljósmyndir af staðnum. Brugðist var við erindinu, en sótt hefur í sama horf.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir lóðarhafa skylt að gera fullnægjandi ráðstafanir til að bregðast við erindinu.

6 1104141 - Kaplahraun 2-4. Umgengni á lóð.

Komið hefur í ljós að frágangur á bílplani er ekki fullnægjandi þar sem engin niðurföll eru innan lóðar og allt vatn rennur útá götu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir lóðarhafa skylt að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að yfirborðsvatn af lóð hans valdi ekki tjóni eða óþægindum á nágrannalóð eða gangstétt skv. 66. gr. byggingarreglugerðar.

7 1212108 - Vesturgata 4 umgengni á lóð

Borist hafa kvartanir um slæma umgengni á lóð veitingahússins.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir eiganda skylt að bæta umgengni á lóðinni og fjarlægja drasl sem þar er.

8 1212111 - Brekkúás 21, fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa

Hildur Bjarnadóttir arkitekt spyr hvort hægt sé að gera tvíbýlishús á lóðinni, í stað einbýlishús.

Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur neikvætt í erindið. Ekki hefur verið heimilað að skipta eignum í hverfinu.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

9 1212073 - Kaplahraun 2-4 breyting á byggingarleyfi

Hýmir ehf sækir 07.12.12 um að breyta innra skipulagi, breyta gluggum og setja girðingu á lóðarmörk samkvæmt teikningum Sigurðar Hafsteinssonar dags. 06.12.12.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi.
Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

**Bjarki Jóhannesson (sign)
Sigurður Steinar Jónsson (sign)**

**Málfríður Kristjánsdóttir (sign)
Berglind Guðmundsdóttir (sign)**